

Skólanefndarfundur 5.nóv kl 16:00 á sal skólans

Mættir: Helena Eydís, Sigurgeir, Jóhanna, Díana, Birgitta Bjarney, Ásta Svavars, Halldór Jón, Valgerður, Guðrún María og Arna Ýr

Fjarverandi: Hjálmar Bogi og Kolbrún Ada

Dagskrá fundar

1. Ársreikningur fyrir árið 2018
Rekstrarafgangur 2018 um 20 milljónir og er Valgeður búin að óska ítreakð eftir að hann verði færður á fjárheimild FSH fyrir árið 2019 sem enn hefur ekki fengist svar við.
2. Ársáætlun fyrir árið 2020
Framhaldsskólinn á Húsavík fær 215 milljónir til rekstrar árið 2020 (þar af eru 4,2 milljónir í sértekjur og 6,4 til eigankaupa og viðhalds). Tilbúin er rekstraráætlun 2020 sem hefur verið send inn til samþykktar.
3. Stefnuskjal fyrir árin 2020-2022
Menntamálaráðuneytið skikkar opinberar stofnanir til að útbúa stefnuskjal með markmiðum þeirra næstu þrjú árin. Skjalið lesið yfir og umræða. Helst gagnrýnt að allir séu að vinna í sýnu horni en ekki sé til sniðmót sem stofnanir geta farið eftir.
4. Ytra mat á Framhaldsskólanum á Húsavík á vegum Menntamálastofnunar.
Þann 14 og 15 nóvember n.k. koma fulltrúar frá Menntamálaráðuneytinu og taka stofnunina út en þetta er gert á 4-5 ára fresti í hverri opinberri stofnun. Teymi innan FSH hefur undirbúið komu þeirra alla önnina með skýrslugerð, betrubótum ofl.
5. Námsframboð á vorönn 2019
Halldór Jón fer yfir námsframboð á vorönn 2019, það sem er nýtt er hugsanlegt ERASMUS verkefni í dönsku, hugur og hönnun kemur aftur inn eftir pásu, AUUM verður kenndur í p-námi. Næringarfræði kemur nýr inn í kjarna. Útivist kemru aftur inn en hún var kenndi í fyrsta skipti á síðustu haustönn.
Umræðan leiddi okkur til umfjöllunar um heilsulæsi og fjármálalæsi sem er talið ábótavant inn í skólastarfið, næringarfræði og heilsu markmiðin mín eru skref í þá átt.

Byrjað að útfæra áfanga um umhverfi, kynjafræði og landafræði er ekki bara landafræði heldur loftlagsraskanir og lýðfræði.

Heilsunuddbraut, nýjustufréttir: 4 lotur búnar. Eftir áramót þá byrja þau að nudda og safna tímum. Einhver afföll hafa orðið en ekki töluverð. Á næstu önn veður kennt sogæðanudd og svæðanudd.
6. Leiksýning Pýramusar og Þispu
Tvær sýningar búnar og fjórar eftir og hefur verið vel sótt. Boðskapurinn er ákveðinn en kom á óvart hvað leikritið var fyndið.

7. Önnur mál

- Foreldra fundur 19.nóv fyrir foreldra allra nemenda FSH og einnig foreldra nemenda í 10.bekk í Borgarhólsskóla. Ritari sendir út tilkynningar til foreldra um morgun fundardags og einnig áður.
- Nauðsynlegt að endurnýja heimasíðu Framhaldsskólans á Húsavík og halda facebookinu lifandi.
- Aukið samstarf á milli FSH og Tónlistarskóla Húsavíkur. Nemendur ættu því að geta stundað nám við FSH og haldið áfram í fjölbreyttu tónlistarnámi.
- Við vorum með skólafund 15 október. Spurningar voru lagðar til grundvallar og skólameistari vann uppúr þeim svörum hvað nemendum fannst ábótavant í skólastarfinu. Umræður.

Fundi slitið kl:17:20